

*Þverárvirkjun*

# *ÁRSSKÝRSLA 2007*

**ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf**

30. STARFSÁR



# EFNISYFIRLIT


*Stjórn og stjórnskipulag* .......................... 3
*Formáli* .......................... 4
*Ávarp stjórnarformanns* .......................... 5
*Helstu framkvæmdir 2007* .......................... 6
*Helstu framkvæmdir 2008* .......................... 7
*Íbúafjöldi á orkuveitusvæði O.V.* .......................... 8

**Ársreikningur.............................. 9-23**

**Orkubú Vestfjarða í 30 ár ............. 24-25**

*Raforkukerfi Vestfjarða* .......................... 26
*Rekstrartruflanir* .......................... 27
*Vatnsaflsvirkjanir* .......................... 28
*Kyndistöðvar* .......................... 29
*Díselstöðvar* .......................... 30
*Orkuöflun og orkuverð* .......................... 31
*Orkusala* .......................... 32


## Skammstafanir

| | | |
|---|---|---|
| kV | = kílóvolt | = 1.000 volt |
| kW | = kílówatt | = 1.000 wött |
| MW | = megawatt | = 1.000 kW |
| kVA | = kílóvoltamper | = 1.000 voltamper |
| MVA | = megavoltamper | = 1.000 kVA |
| kWh | = kílówattstund | = 1.000 wattstundir |
| MWh | = megawattstund | = 1.000 kWh |
| GWh | = gígawattstund | = 1.000 MWh |
| Gl | = gígalítrar | = 1.000 milljónir lítar |


Forsíðumynd: Tungudalsvirkjun
Baksíðumynd: Vígsla Tungudalsvirkjunar
Ljósmyndir: Forsíða og baksíða Halldór Sveinbjörnsson.
Bls. 2 og 3: Emil Þór Sigurðsson
Aðrar myndir: Starfsmenn Orkubús Vestfjarða.

Umsjón: Orkubú Vestfjarða ohf.
Hönnun, umbrot og prentvinnsla: H-prent ehf.




*Hólmavíkurlína 2*

# STJÓRN OG STJÓRNSKIPULAG

| | |
|---|---|
| Formaður: | *Guðmundur Jóhannsson* |
| Varaformaður: | *Þorsteinn Jóhannesson* |
| Ritari: | *Halla Signý Kristjánsdóttir* |
| | *Haraldur V. Jónsson* |
| | *Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir* |
| | |
| Varamenn: | *Ragnheiður Hákonardóttir* |
| | *Jón Þórðarson* |
| | *Smári Haraldsson* |
| | *Guðmundur St. Björgmundsson* |
| | *Þórir Örn Guðmundsson* |
| | |
| Orkubússtjóri: | *Kristján Haraldsson* |
| | |
| **Framkvæmdastjórar:** | |
| Fjármálasviðs: | *Sigurjón Kr. Sigurjónsson* |
| Rafveitusviðs: | *Halldór V. Magnússon* |
| Orkusviðs: | *Sölvi Rúnar Sólbergsson* |





*Starfsmenn OV og Landsnets*



# *FORMÁLI*

Í árslok 2007 voru liðin 30 ár frá því að Orkubú Vestfjarða tók til starfa.

Markmiðin með stofnun Orkubús Vestfjarða voru þríþætt, í fyrsta lagi að stórauka framboð innlendrar orku á Vestfjörðum, í öðru lagi að lækka orkuverð á veitusvæðinu og síðast en ekki síst að flytja forræðið í þessum mikilvæga málaflokki heim í fjórðunginn ásamt þeim störfum sem honum tengdust.

Þegar nú er litið til baka verður ekki annað séð en vel hafi tekist að uppfylla þessi markmið. Á fyrsta starfsári sínu seldi Orkubú Vestfjarða orku sem nam um 55 GWh en á s.l. ári varð heildarorkusalan um 219 GWh, sem jafngildir tæplega 300% aukningu.

Á starfstíma Orkubúsins hefur orkuverð á Vestfjörðum lækkað að raunvirði og er nú svo komið að verð samkvæmt almennum taxta er rúm 40% af því sem það var þegar Orkubúið hóf starfsemi sína. Stjórn Orkubús Vestfjarða hefur frá upphafi haft það að stefnumiði að halda orkuverði á Vestfjörðum eins lágu og nokkur kostur er og því ekki gert kröfu um að fyrirtækið skilaði hagnaði og arði til eignaraðila. Þessi stefna hefur leitt til þess að gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hafa verið með þeim lægstu í landinu.

Árið 2007 var frekar gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða og varð hagnaður af venjubundnum rekstri þriðja árið í röð. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins hefur aldrei verið meiri á einu ári og ekki urðu nein stærri rekstraráföll í flutningskerfum Orkubúsins. Þó verður ekki hjá því komist að geta tíðra bilana á flutningskerfi Landsnets, sem ollu raforkunotendum á veitusvæði Orkubúsins fjölmörgum truflunum. Landsnet vinnur nú að endurbótum á flutningskerfi sínu í samstarfi við Orkubúið.

Á árinu 2007 var 185,8 Mkr. varið til fjárfestinga, þar af voru tengigjöld og vinna greidd af öðrum 18,4 Mkr. Lokið var við byggingu á nýju verkstæðishúsi á Hólmavík og rofahúsi á Reykhólum. Lagður var jarðstrengur frá aðveitustöð Súðavík í gamla þorpið og háspennulína aflögð, einnig var við fyrsta áfanga spennuhækkunar Bíldudalslínu úr 33 kV í 66 kV.
Þá var rafskautsketill í kyndistöðinni á Suðureyri endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli og unnið var að endurnýjun á fjargæslubúnaði fyrirtækisins. Af öðrum framkvæmdum má nefna endurbætur á dreifikerfi raforku í þéttbýli, stækkun dreifikerfis hitaveitu og endurbyggingu ýmissa aðveitulína. Allar fjárfestingar voru kostaðar af eigin fé fyrirtækisins eða greiddar af þeim sem þeirra óskuðu.

Heildarorkuöflun fyrirtækisins jókst um 1,6% frá fyrra ári og nam alls 248 Gwh. Eigin orkuvinnsla var 105,1 GWh eða 42,4%, og orkukaup af Landsvirkjun, Rafmagnsveitum ríkisins, Sængurfossvirkjun, Dalsorku, Tunguvirkjun, Hvestuveitu og Funa voru 142,9 Gwh eða 57,6% af heildarorkuöfluninni.

Orkusala jókst um 1,5% frá fyrra ári og nam alls 219 GWh. Til hitunar voru seldar 142,5 GWh sem eru um 65% af heildarorkusölu fyrirtækisins. Á alla orkusölu, nema húshitun, er lagður 24,5% virðisaukaskattur. Á húshitun var lagður 14% virðisaukaskattur sem lækkaði í 7% við skattbreytinguna 1. mars. Af virðisaukaskatti á húshitun eru 63 endurgreidd á veitusvæði Orkubúsins. Álagður skattur á húshitun er því 2,59% nettó.

Verðskrár Orkubús Vestfjarða voru hækkaðar 1. mars, verðskrá fyrir flutning og dreifingu raforku hækkaði um 8%, verðskrá fyrir raforkusölu hækkaði um 5% og verðskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 6%.

Á árinu 2007 varð afkoma Orkubús Vestfjarða örlítið lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstraráætlun ársins gerði ráð fyrir rekstrarhagnaði að upphæð 59 Mkr. en samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af venjubundnum rekstri fyrir skatta, sem nam um 45,2 Mkr. en þegar tekið er tillit til bókfærðs tekjuskatts sem nemur um 8,1 Mkr. er hagnaður ársins um 37,1 Mkr. Afskriftir námu alls 201 Mkr. Eignir fyrirtækisins í árslok 2007 voru alls 4.955 Mkr. og heildarskuldir 545 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.410 Mkr. sem er um 89% af heildafjármagni.

Eftir 30 ár er Orkubúið öflugt fyrirtæki a.m.k. á vestfirskan mælikvarða og er velgengni þess fyrst og síðast tilkomin vegna ötuls og öflugs starfsfólks sem sinnt hefur starfi sínu af trúmennsku og alúð. Öllum starfsmönnum Orkubúsins núverandi sem og fyrrverandi eru fluttar bestu þakkir fyrir þátt þeirra í framgangi fyrirtækisins.

*Kristján Haraldsson*
*orkubússtjóri*

# ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp iðnaðarráðherra um orku- og auðlindamál. Tilgangur frumvarpsins er að setja reglur um eignarhald auðlinda í opinberri eigu og skýra mörk samkeppnis- og sérleyfisþátta í starfsemi orkufyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu þarf að aðskilja rekstur dreifiveitu frá rekstri virkjana og orkusölu, ef tekjur hennar eru meiri en 2 milljarðar króna á ári. Tekjur Orkubús Vestfjarða eru talsvert lægri en það og því verður heimilt að reka núverandi starfsemi Orkubúsins áfram undir einum hatti, verði frumvarpið að lögum. Ef þurft hefði að skipta fyrirtækinu upp, hefði varla verið grundvöllur fyrir því að reka sérstakt sölufyrirtæki fyrir orkusölu og rekstur virkjana á Vestfjörðum og væntanlega verið nauðsynlegt að ganga til samstarfs við annað sölufyrirtæki um þann rekstur.

Rekstur Orkubús Vestfjarða á árinu 2007 gekk í meginatriðum vel og hefur eigin orkuvinnsla fyrirtækisins aldrei verið meiri. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2007 nam hagnaður eftir skatta 37 Mkr. og er það þriðja árið í röð sem hagnaður er af rekstrinum. Orkubúið býr svo vel að það er nánast skuldlaust og hefur getað fjármagnað framkvæmdir sínar alfarið með eigin fé síðustu árin. Útlit er fyrir að ráðast þurfi í fjárfrekar framkvæmdir á næstu árum og þá kemur sér vel að fjárhagur fyrirtækisins er traustur.

Veltufé frá rekstri nam 283 Mkr. á árinu 2007 og rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti var 204 Mkr. Bókfærðar afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna námu 201 Mkr. Fjárfestingar námu 186 Mkr. á árinu.

Þann 26. ágúst 2007 var þess minnst að 30 ár voru liðin frá því að ríkið og sveitarfélög á Vestfjörðum undirrituðu sameignarsamning um Orkubú Vestfjarða. Við það tækifæri flutti Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra, ávarp og tók Tungudalsvirkjun formlega í notkun. Fjöldi manns var viðstaddur athöfnina, sem fór fram undir berum himni í góðu veðri.

Með stofnun Orkubúsins var stigið stórt skref í orkumálum á Vestfjörðum. Sameining veitna á Vestfjörðum hafði í för með sér mikla hagræðingu og gerði að verkum að unnt var að stórbæta þjónustu við almenning og fyrirtæki. Fyrirtækið stendur enn styrkum fótum í dag. Dugandi starfsfólk á þar mikinn hlut að máli.

Stjórn og starfsfólki Orkubúsins eru færðar bestu þakkir fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári.

*Guðmundur Jóhannsson*



*Vestfjarðahálendið*



# *HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2007*

## Rafveitusvið

### Háspennulínur og strengir:

Lagðir voru háspennustrengir í stað loftlína til sveita og í tengslum við vegagerð, bæði í Ísafjarðardjúpi og vegna nýs Tröllatunguvegar.
Lagður var jarðstrengur frá aðveitustöð Súðavík í gamla þorpið og háspennulína aflögð.
Unnið var við fyrsta áfanga spennuhækkunar Bíldudalslínu úr 33 kV í 66 kV.
Hafinn var undirbúningur vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Óshlíðargöng og háspennustrengir lagðir að vinnusvæði í Hnífsdal og Bolungarvík.

### Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Hafin var samræmingarvinna með Landsneti vegna aðkomu beggja fyrirtækjanna að sameiginlegum aðveitustöðvum og merkinga með KKS kóða.
Keyptur var nýr spennustillir í Geiradal og fjarlægðarliði fyrir Tröllatungulínu.
Settur var upp nýr netþjónn fyrir fjargæslukerfið og kerfið yfirfarið. Mælastöðvar í rafstöðinni á Patreksfirði voru endurnýjaðar og sett var upp ný útstöð við borholur í Súgandafirði. Einnig var komið á gagnasambandi við Blævardalsárvirkjun.

### Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Lokið var við byggingu á nýju verkstæðishúsi á Hólmavík og rofahúsi á Reykhólum. Endurbætur voru gerðar á skrifstofu rafveitusviðs á Ísafirði.

Lagður var nýr fæðistrengur í Aðalstræti Ísafirði frá orkustöð. Nýtt dreifikerfi rafveitu lagt í frístundahúsabyggð á Flateyri. Byrjað var á endurnýjun spennistöðva á Tálknafirði.

## Orkusvið

### Dreifikerfi hitaveitna:

Stækkun á dreifikerfi í Tunguhverfi Ísafirði.

### Kyndistöðvar og jarðhitasvæði:

Rafskautsketil í kyndistöðinni á Suðureyri endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli. Einnig aukin dæluafköst á jarðhitavatni til fiskþurrkunar.

### Virkjanir:

Lokafrágangur og vígsla Tungudalsvirkjunar. 700 kW
Lokið við nýja starfsmannaaðstöðu og lóð í Mjólká. Unnið að forathugun á aukinni orkuframleiðslu þar með viðbótarvélum.

### Annað:

Áframhaldandi þróun á tölvukerfum og endurnýjun á 4 bílum. Einn snjósleði var keyptur.



*Spennaflutningur Bíldudal*



*Við Heydalsá á Ströndum*

# HELSTU FRAMKVÆMDIR ÁRSINS 2008

## Rafveitusvið

### Háspennulínur og strengir:

Hafist verður handa við stórt verkefni, sem er tenging Ísafjarðardjúps við landskerfið, en hingað til hefur í djúpinu verið svokallað eyjakerfi með nokkrum smávirkjunum og díselvél í Reykjanesi. Árið 2008 verður plægður háspennustrengur frá Hátungum og niður í Djúp, nýr sæstrengur lagður yfir Ísafjörð og strengur grafinn að Reykjnesi. Jarðstrengir verða lagðir í Djúpveg í tengslum við vegagerð. Jarðstrengir verða lagðir í stað loftlína í Arnardalslínulínu, Reykhólalínu og Þorpalínu og haldið verður áfram fjölgun jarðspennistöðva til sveita.
Haldið verður áfram við að spennuhækka Bíldudalslínu í 66 KV.

### Aðveitustöðvar og fjargæslukerfi:

Nýjar útstöðvar verða settar upp í aðveitustöðinni í Geiradal og í nýlegu rofahúsi á Reykhólum. Einnig verður sett upp útstöð í endurnýjaðri spennistöð við skólann á Tálknafirði. Þá verður lokið vinnu við útstöð í Blævardalsárvirkjun og í spennistöðvunum við Kópnesbraut og í Sundlauginni á Hólmavík.

### Innanbæjarkerfi og fasteignir:

Haldið verður áfram 400V endurnýjun á Ísafirði og kemur nýr spennir í Fjarðarstræti.
Á Ísafirði verður spennistöðin Njarðarsundi endurnýjuð, ný spennistöð sett upp á Suðurtanga ásamt háspennustreng en þessu tókst ekki að ljúka á síðasta ári.
Á Tálknafirði verða spennistöðvarnar við Lækjargötu og grunnskólann endurnýjaðar. Unnið verður í uppsetningu 19 kV rofa í nýtt rofahús Reykhólum.

## Orkusvið

### Dreifikerfi hitaveitna:

Stækka dreifikerfi Mýrum á Patreksfirði. Einnig bæta dreifikerfið á Reykhólum og leggja tengilögn milli dreifikerfa efra og neðra jarðhitasvæðis.

### Kyndistöðvar og jarðhitasvæði:

Orkustöð Ísafirði gerð fjarstýranleg. Rafskautsketill í kyndistöðinni á Skeiði Ísafirði endurnýjaður með nýjum 1,2 MW túpukatli. Endurnýja dælubúnað og koma fyrir í nýrri dælustöð við Álftarland á Reykhólum.

### Virkjanir.

Ljúka verkhönnun á endurnýjun núverandi véla og stækkunarmöguleikum í Mjólká með nýjum vélum á bilinu 1 til 5 MW. Eftir vélaútboð verður endanlega ljóst hvaða stækkanir eru hagkvæmar.



*Vesturbyggð*



*Engidalsvirkjun 70 ára*



# ÍBÚAFJÖLDI Á ORKUVEITUSVÆÐI ORKUBÚS VESTFJARÐA

| | Íbúatala 1.12.2007 | Breyting frá 1.12.2006 | Íbúatala 1.12.2006 | Breyting frá 1.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| **Svæði I:** | | | | |
| Bolungarvík | 904 | -1 | 905 | -13 |
| Ísafjarðarbær | 3.963 | -135 | 4.098 | -11 |
| Súðavíkurhreppur | 214 | -15 | 229 | -6 |
| **Samtals svæði I** | 5.081 | -151 | 5.232 | -30 |
| **Svæði II:** | | | | |
| Tálknafjarðarhreppur | 290 | -2 | 292 | -5 |
| Vesturbyggð | 920 | -17 | 937 | -28 |
| **Samtals svæði II** | 1.210 | -19 | 1.229 | -33 |
| **Svæði III:** | | | | |
| Árneshreppur | 48 | -2 | 50 | 0 |
| Bæjarhreppur | 102 | 2 | 100 | -5 |
| Kaldrananeshreppur | 102 | 1 | 101 | -11 |
| Reykhólahreppur | 266 | 15 | 251 | -4 |
| Strandabyggð | 500 | -7 | 507 | 7 |
| **Samtals svæði III** | 1.018 | 9 | 1.009 | -13 |
| **Vestfirðir samtals** | **7.309** | **-161** | **7.470** | **-76** |

Orkunotkun pr. íbúa 1978-2007





*Mjólkárvirkjun*

# *ÁRSREIKNINGUR 2007*

**ORKUBÚ VESTFJARÐA ohf**




*Húsnæði OV á Hólmavík*

## EFNISYFIRLIT


Skýrsla og áritun stjórnar og orkubússtjóra . . . 11
Áritun endurskoðenda . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Rekstrarreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 13
Efnahagsreikningur. . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14-15
Sjóðstreymi. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16
Skýringar og sundurliðanir . . . . . . . . . . . . . 17-23
Rekstrar- og efnahagsstærðir. . . . . . . . . . . 23

# *SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG ORKUBÚSSTJÓRA*

Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Á árinu 2007 varð hagnaður af rekstri Orkubús Vestfjarða ohf. sem nam 37 Mkr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir Orkubús Vestfjarða ohf. í árslok 2007 voru alls 4.955 Mkr. og heildarskuldir alls 545 Mkr. Eigið fé nam því alls 4.409 Mkr. sem er um 89 % af heildarfjármagni.

Eigandi Orkubús Vestfjarða ohf. er Ríkissjóður Íslands.

Árið 2007 var mjög gott ár fyrir rekstur Orkubús Vestfjarða ohf. Framleiðsla vatnsaflsvirkjana Orkubúsins var í hámarki og rekstaráföll nánast engin.

Stjórn og orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða ohf. staðfesta hér með ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2007.

Ísafirði, 15. apríl 2008

Guðmundur Jóhannsson
*stjórnarformaður*

Þorsteinn Jóhannesson

Halla S. Kristjánsdóttir

Haraldur V. Jónsson

Eyrún I. Sigþórsdóttir

Kristján Haraldsson
*orkubússtjóri*

# *ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA*

Til stjórnar og hluthafa í Orkubúi Vestfjarða ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkubús Vestfjarða ohf. fyrir árið 2007 í umboði Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2007, efnahag þess 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ísafjörður, 15. apríl 2008

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
*endurskoðandi*

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2007

**Rekstrartekjur:**

| | Skýr. | 2007 þús. kr. | 2006 þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Raforkusala | 13 | 868.603 | 803.644 |
| Sala á heitu vatni | 14 | 358.009 | 345.537 |
| Tengigjöld | 1 | 18.369 | 17.457 |
| Aðrar tekjur | 15 | 70.178 | 62.294 |
| | | 1.315.159 | 1.228.932 |

**Rekstrargjöld:**

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Rekstur raforkukerfis: | | | |
| Orkuver | 16 | 154.558 | 152.232 |
| Raforkukaup | 17 | 375.950 | 358.111 |
| Raforkuflutningur | 18 | 42.946 | 50.546 |
| Aðveitu- og dreifikerfi | 19 | 138.224 | 125.886 |
| | | 711.678 | 686.775 |
| Rekstur hitaveitukerfis: | | | |
| Raforkukaup | | 73.396 | 66.783 |
| Kyndistöðvar | | 67.701 | 72.191 |
| Dreifikerfi | | 28.303 | 25.006 |
| | | 169.400 | 163.980 |
| Sameiginlegur rekstrarkostnaður | 1, 23 | 229.609 | 212.795 |
| | | 1.110.687 | 1.063.550 |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti | | 204.472 | 165.382 |
| Afskriftir | 2, 3 | 200.827 | 198.063 |
| Hagnaður (tap) án fjármunatekna og (fjármagnsgjalda) | | 3.645 | ( 32.681 ) |

**Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):**

| | Skýr. | 2007 | 2006 |
|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 42.121 | 37.937 |
| Vaxtagjöld | | ( 609 ) | ( 576 ) |
| | | 41.512 | 37.361 |
| Hagnaður fyrir skatta | | 45.157 | 4.680 |
| Tekjuskattur | 10 | ( 8.100 ) | 217.129 |
| **Hagnaður** | | 37.057 | 221.809 |

# *EFNAHAGSREIKNINGUR*

## Eignir

| | Skýr. | 2007<br>þús. kr. | 2006<br>þús. kr. |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Óefnislegar eignir: | | | |
| Virkjanaframkvæmdir | 2 | 42.003 | 45.290 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 3 | | |
| Raforkukerfi | | 2.538.802 | 2.572.012 |
| Hitaveitukerfi | | 380.436 | 392.146 |
| Aðrir rekstrarfjármunir | | 750.721 | 719.167 |
| | | 3.669.959 | 3.683.325 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Hlutabréf | 7 | 360.641 | 359.698 |
| Reiknuð tekjuskattsinneign | 10 | 207.729 | 217.129 |
| | | 568.370 | 576.827 |
| **Fastafjármunir** | | 4.280.332 | 4.305.442 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Vörubirgðir | 1 | 95.588 | 88.105 |
| Skammtímakröfur: | 1 | | |
| Útistandandi orkureikningar | 20 | 158.520 | 181.870 |
| Aðrar skammtímakröfur | 21 | 254.282 | 303.688 |
| Handbært fé | | 165.997 | 12.000 |
| **Veltufjármunir** | | 674.387 | 585.663 |
| **Eignir samtals** | | 4.954.719 | 4.891.105 |

# 31. DESEMBER 2007

## Skuldir og eigið fé

| Eigið fé: | Skýr. | 2007<br>þús. kr. | 2006<br>þús. kr. |
|---|---|---|---|
| Eigið fé | 8 | 4.409.413 | 4.373.657 |
| **Skuldbindingar:** | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 9 | 394.076 | 360.710 |
| | | 394.076 | 360.710 |
| **Skammtímaskuldir**: | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 22 | 151.230 | 156.738 |
| | | 151.230 | 156.738 |
| **Skuldir samtals** | | 545.306 | 517.448 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 4.954.719 | 4.891.105 |
| **Aðrar skuldbindingar:** | 11 | | |

# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2007

| | 2007<br>þús. kr. | 2006<br>þús. kr. |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri:** | | |
| Hagnaður skv. rekstrarreikningi | 37.057 | 221.809 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Söluhagnaður eigna | ( 1.659 ) | ( 107 ) |
| Afskriftir | 200.827 | 198.063 |
| Tekjuskattur | 8.100 | ( 217.129 ) |
| Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar | 38.870 | 36.909 |
| **Veltufé frá rekstri** | 283.195 | 239.545 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | ( 7.483 ) | ( 2.187 ) |
| Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) | 72.756 | 3.544 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | 1.201 | 15.954 |
| **Breytingar alls** | 66.474 | 17.311 |
| **Handbært fé frá rekstri** | 349.669 | 256.856 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 5.572 ) | ( 7.991 ) |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum: | | |
| Raforkukerfi | ( 78.111 ) | ( 131.283 ) |
| Hitaveitukerfi | ( 14.206 ) | ( 33.886 ) |
| Aðrir rekstrarfjármunir | ( 87.920 ) | ( 91.589 ) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | 3.293 | 321 |
| Keypt hlutabréf | ( 943 ) | ( 3.600 ) |
| Aðrar langtímakröfur, lækkun (hækkun) | 0 | 1.219 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | ( 183.459 ) | ( 266.810 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | |
| Skammtímaskuldir vegna fjárfestingar | ( 6.709 ) | ( 14.637 ) |
| Greiddar lífeyrisskuldbindingar ársins | ( 5.504 ) | ( 4.452 ) |
| Langtímalán, breyting | 0 | ( 2.439 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | ( 12.212 ) | ( 21.528 ) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | 153.997 | ( 31.482 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 12.000 | 43.482 |
| **Handbært fé í árslok** | 165.997 | 12.000 |

# SKÝRINGAR

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Ársreikningur Orkubús Vestfjarða ohf. er gerður í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð. Að öðru leyti er fylgt í öllum meginatriðum sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári.

Í ársreikningnum eru birtar samanburðarfjárhæðir úr ársreikningi fyrra reikningsárs.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar og eignarréttur hefur færst yfir til kaupanda. Vörusalan er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Tengigjöld notenda námu alls 18,4 millj. kr. á árinu 2007. Með tilliti til þess að tengigjöld eru einungis 1,4% af rekstrartekjum eru þau tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

**Erlendir gjaldmiðlar og verðbætur**
Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við þær vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2008 og eru verðbætur færðar í rekstrarreikning. Peningalegar eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi í lok ársins og er gengismunur færður yfir rekstrarreikning.

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Skattamál**
Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 18%.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er færð vegna allra tímamismuna en reiknuð skattinneign er færð vegna tímamismunar ef líkur eru á að þeir nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi.

**Óefnislegar eignir**
Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna er kostnaður vegna fyrirhugaðra virkjannaframkvæmda. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

**Birgðir**
Rekstrarvörubirgðir eru metnar við síðasta innkaupsverði.

**Verðbréf**
Verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti þá eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Niðurfærslu krafna er ætlað að mæta þeirri áhættu sem fylgir kröfum Orkubúsins á aðra aðila. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Breyting niðurfærslunnar á árinu sundurliðast þannig í þús. kr.:

| | **2007** | **2006** |
|---|---|---|
| Niðurfærsla krafna í ársbyrjun | 39.026 | 31.864 |
| Afskrifaðar kröfur á árinu | ( 7.237 ) | ( 8.248) |
| | 31.789 | 23.616 |
| Niðurfærsla krafna gjaldfærð á árinu | 5.321 | 15.410 |
| Niðurfærsla krafna í árslok | 37.110 | 39.026 |

Heildarniðurfærsla í árslok er dregin frá viðkomandi efnahagsliðum í efnahagsreikningi, en breyting hennar á árinu er færð í rekstrarreikning.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Handbært fé**
Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Óefnislegar eignir

**2.** Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

**Virkjanaframkvæmdir:**

| | |
|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2007 | 99.015 |
| Afskrifað áður | ( 53.726) |
| Bókfært verð 1.1. 2007 | 45.289 |
| Viðbót á árinu | 5.572 |
| Afskrifað á árinu | ( 8.858) |
| Bókfært verð 31.12. 2007 | 42.003 |
| Afskriftarhlutfall | 10,0% |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

**3.** Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í þús. kr.:

**Raforkukerfi:**

| | **Orkuver** | **Veitukerfi** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2007 | 3.074.233 | 3.473.252 | 6.547.485 |
| Afskrifað áður | ( 1.653.462) | ( 2.322.011 ) | ( 3.975.473 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2007 | 1.420.771 | 1.151.241 | 2.572.012 |
| Viðbót á árinu | 8.931 | 69.183 | 78.114 |
| Afskrifað á árinu | ( 45.914) | ( 65.410 ) | ( 111.324 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2007 | 1.383.788 | 1.155.014 | 2.538.802 |
| Afskriftarhlutföll | 1,67-5,0% | 3,3-4,0% | |

**Hitaveitukerfi:**

| | Borholur og kyndistöðvar | Dreifikerfi | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2007 | 437.252 | 1.065.289 | 1.502.541 |
| Afskrifað áður | ( 338.407) | ( 771.988 ) | ( 1.110.395 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2007 | 98.845 | 293.301 | 392.146 |
| Viðbót á árinu | 10.098 | 4.107 | 14.205 |
| Afskrifað á árinu | ( 7.886) | ( 18.029 ) | ( 25.915 ) |
| Bókfært verð 31.12. 2007 | 101.057 | 279.379 | 380.436 |
| Afskriftarhlutföll | 5,0-10,0% | 4,0% | |

**Aðrir rekstrarfjármunir:**

| | Fasteignir | Bifreiðir, áhöld og annar búnaður | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2007 | 999.907 | 318.981 | 1.318.888 |
| Afskrifað áður | ( 391.764) | ( 207.957 ) | ( 599.721 ) |
| Bókfært verð 1.1. 2007 | 608.143 | 111.024 | 719.167 |
| Viðbót á árinu | 57.530 | 30.390 | 87.920 |
| Selt á árinu | | ( 1.634 ) | ( 1.634 ) |
